

Leiðarljós waldorfnámsins og námsskrárinnar

Waldorfskólinn hefur það markmið að leiðarljósi að skapa ævilanga hvatningu til þekkingarleitar og sjálfsnáms með því að virkja þátttöku, forvitni og hæfileika barnsins til að upplifa og undrast. Uppeldishlið menntastefnunar tengist metnaðarfullri stefnu fyrir þekkingargrunn hvers einstaklings.

- Öll þekking er hlið sem opnar leið að óteljandi öðrum flötum þekkingar sem sérhver nemandi ætti að hafa hvata til að skoða.
- Í Waldorfskólanum læra nemendur vinnulag sem krefst þess að einstaklingurinn dýpki þekkingargrunn sinn.

Waldorfstefnan leitast einnig við að miðla þekkingu um heildarsamhengi samfélags og menningar.

Þetta krefst þess að vinnulag skólasamfélagsins dýpki málefnið. Með því að nýta lotukennslu er hægt að veita nemendum samfelldan tíma til að þroska hæfileika einbeitingar og virkja sköpunarkraft til að rýna betur í umfjöllunarefnið. Samkenntsla árganga sem er oft nýtt í kennslu, eykur einnig fjölbreytta kennsluhætti og nemendur læra með og hver af öðrum.

Skólanámsskráin byggir á þroskaferli barnsins og ígrundun um heilbrigði þess og líkamlega og andlega velferð í heildrænu samhengi. Kennsluaðferðir eru aðlagðar þessum hugmyndum á fjölbreyttan hátt og nýta fjölmörg verkfæri til að geta komið til móts við nemandann á ólíkum þroskaskeiðum sínum.

Í kennslunni leggur kennarinn fram námsefnið af listfengi og í frásagnargleði. Þetta gerir þær kröfur til nemenda að þeir upplifa innihald efnisins ásamt kennara sínum og tengjast því hver á sinn hátt, sem leiðir til þess að misjöfn námsgeta eða samkenntsla tveggja árganga dregur ekki úr getu þeirra til að taka fullan þátt í náminu á eigin forsendum.

-Stöðug tjáskipti og samtöl skapa grunn trausts þekkingarferlis.

Í Waldorfskólanum er stöðugt mat á framförum nemenda og ekki er þörf á hefðbundnum prófum í því ferli. Námsmat er dregið saman í árlega umsögn til nemenda og foreldrar fá í skipulögðum samtölum upplýsingar um vinnubrögð, framfarir og hæfni barns síns. Eins vinna elstu nemendur leiðsagnarmat og fá nemendasamtöl til að skoða framfarir sínar og markmið í námi. Nemendur á lokaári brautskrást með einkunnir og lokamat í bókstöfum.

Waldorfskólinn leggur til grundvallar námsmati Aðalnámsskrá grunnskóla og skólaámsskrá Waldorfskólans sem inniheldur aðferðafræði menntastefnunnar.

Skoðana og tjáskipti milli kennara og nemenda og heimilis og skóla eru mikilvægt verkfæri til að byggja upp árangursrík vinnuferli í námi.

- Nemendur fá alhliða kennslu þar sem fræðilegar, listrænar og verklegar greinar njóta jafnræðis.

Öll þessi þrjú svið, fræðileg íhugun, listræn sköpun og verkleg nálgun, eða hugur, hjarta og hönd, vega jafn þungt í öllum námsgreinum hjá öllum aldurshópum. Þetta er sniðið að því markmiði að síðar á æfinni hafi nemendur breiða þekkingu, sjalfstraust og færni til frjáls vals varðandi frekari menntun og starfsvettvang.

- Nemendur fá alhliða kennslu út frá heildarsýn. Persónuleg útfærsla nemanda á námsefni er í sjálfru sér aðferð til kennsluskrárbundins náms.

List og verkgreinar eru því ekki bara námsgreinar út af fyrir sig í Waldorfstefnuni heldur aðferð til að athafna sig innan allra námsgreina.

Þegar nemandi hefur kynnst námsefninu gegnum frásagnir og skapandi kveikjur fær hann að melta efnið til næsta dags (sofa á því) og rifja síðan upp og endursegja efnið næstu daga á sinn hátt, í skapandi ferli t.d. með textasmíð, leikjum, myndum, mótun, leikrænni tjáningu eða handverki sem tengist efninu.

Vísinda og náttúrugreinum er einnig veitt í farvegi tilrauna og rannsókna og skapandi hugsunar auk þess sem undrun og forvitni skipa stóran sess í því að tengjast náttúrunni og stórfenglegum ferlum og fyrirbærum efnis og anda. Útinám, náttúruskoðun, samtöl, umræður og heimspekileg nálgun eru mikilvæg verkfæri alls náms.

Hefðbundnar námsbækur og rafmiðlar eru ekki nýtt á yngri stigum skólans og búa nemendur til sínar eigin vinnubækur í öllum námsgreinum. Nemendur á elsta stigi nýta sér fjölbreytta miðla í námi sínu og gera jafnframt persónulegar vinnubækur í flestum fögum.

- Gott lærdómsferli veitir svigrúm til að gera mistök og leita að svörum.

Góð lærdómsferli gefa nemendum rými til að taka áhættu, Nemandinn þarf svigrúm til að æfa sig, mistakast, sigrast á og byrja upp á nýtt.

Waldorfstefnan skapar rými fyrir slík ferli í öllum námsgreinum. Með skapandi vinnuferlum sem leiða að niðurstöðu fá nemendur tækfæri til að þroskast á mörgum sviðum, jafnt félagslega sem námslega og deila afrakstri vinnunnar og upplifun með hvert öðru og

skólasamfélaginu á ýmsan hátt, með sýningum, hátíðum og uppákomum sem auðga skólalífið og teygja sig einnig út í nærumhverfi skólans og menningarsamfélag borgarinnar.

Þannig verða tilraunir, erfiðleikar og sigurganga að sjálfsögðum þætti í bekkjarstarfi nemenda og byggja upp virðingu og skilning milli þeirra.

-Kennari sem nýtur sín í starfi, leitast við að vera í stöðugri starfsþróun, fræðilega, listrænt og út frá hagsýnum vinnugildum.

Waldorfskólastefnan gerir ráð fyrir og útheimtir að kennarar séu í stöðugu þróunarferli í kennsluháttum. Þegar kennarinn nálgast námsefnið á listrænan máta þroskar hann sínar eigin innri tjáningarleiðir um leið og nemenda. Þessi kennsluaðferð veitir þannig einnig kennaranum hugljómun til dýpri nálgunar og þekkingarleitar.

- Waldorfskólinn leggur sterka áherslu á jafnrétti og gagnkvæma virðingu milli nemenda og kennara.

Frá fyrsta degi mætir nemandanum það viðhorf í Waldorfskólanum að sérhver einstaklingur, nemandi sem kennari eða starfsmaður sé þar á jafnréttisgrundvelli.

Kennarar hafa sérstaka ábyrgð, sem felst meðal annars í góðum venjum á borð við það að mæta hverjum og einum nemanda sínum að morgni og heilsa honum. Jöfn staða nemenda og kennara er ekki í andstöðu við forystuhlutverk kennarans, heldur byggir upp virðingu og kærleika gagnvart hverjum einstaklingi í skólasamfélaginu.

- Waldorfskóli er meira en námsstofnun. Hann er þekkingarsamfélag.

Waldorfskóli er meira en staður kennslufræða. Hann er einnig menningarmiðstöð og frumkvöðlasetur sem samfélag skapandi ferla. Í skólanum fer fram fjölbreytt starfsemi ýmissa hópa, tónlist, markaðir, námskeið og vinnuhópar sem koma fjölskyldum, nágrönnum og nærsamfélagi til góða.

Þannig eru það fleiri og stærri hópar sem eiga hlut í skólasamfélaginu en bara nemendur og kennarar. Foreldrar og fjölskyldur geta tekið þátt í ýmskonar vinnu, jafnframt því að fá innsýn í skólastarfið. Vinir og nágrannar geta komið í heimsókn og notið samveru og viðburða yfir skólaárið.

- Kennsluáætlanir og skólanámsskrár Waldorfskólans byggja á faglegri vinnu og skólaþróun
- fyrsti Waldorfskólinn tók til starfa árið 1919. Í dag er skólastefnan alþjóðleg og skólar starfa um allan heim.

Kennsluáætlanir og námsmarkmið mismunandi skólastiga eru ramminn utan um starfið en eru ekki endanleg uppskrift að vinnuferlum. Hver og einn kennari nýtur frelsis til að skapa innan ramma skólastefnunnar.

Skólastefnan hefur yfir að ráða einstaklega gjöfulli kennslufræði sem talar vel inn í samtímann og þær áskoranir sem samfélagið í heild stendur gagnvart í dag.

Hver kennari vinnur að einstaklingsbundinni aðlögun námsins nemendum og bekkjarhópum. Vinnuaðferðir stefnunnar eru í samhljómi við sjálfsagðar kröfur um menntastefnu sem mætir börnum nútímans.

Námið í Waldorfskólanum og skólastarfið mótast af þeim einstaklingum sem eiga samleið í bekkjarhópum og starfshópum hverju sinni og verður starfið þannig með eindæmum skapandi, persónulegt og í stöðugri endurnýjun.

Því mætti kalla Waldorfskólastefnuna lifandi/kvika menntastefnu og opið menntunarferli.